

# Kirkjugólf, náttúruvætti

## Aðgerðaáætlun 2021 - 2023

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsöröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í svo að verndargildi Kirkjugólfs haldist. Einnig eru aðgerðir þessar til að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlun um framtíðarsýn náttúruvættisins. Neðan greindar aðgerðir eru annars vegar aðgerðir næstu þrjú árin, m.a. í samræmi við verkefnaáætlun [Landsáætlunar um uppbyggingu innviða](#) (Landsáætlun) og hins vegar önnur verkefni sem geta verið reglubundnar aðgerðir eða sértækar sem stefnt er að skv. stjórnunar- og verndaráætlun. Áætlunin er uppfærð árlega í samræmi við úthlutun úr Landsáætlun. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna. Margar af eftirfarandi aðgerðum eru komnar í ferli við útgáfu áætlunarinnar.

### 2021

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Kirkjugólf.

### 2022

- ✓ Auglýsing um friðlýsingu Kirkjugólfs endurskoðuð.
- ✓ Heimasíða um svæðið verði lagfærð á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Svæðið verði gert aðgengilegt fyrir fólk með fötlun.

### 2023

- ✓ Merkingar á skilti lagfærðar.

### Önnur verkefni

- ✓ Aðgerðaáætlun fyrir Kirkjugólf verði endurskoðuð árlega.
- ✓ Ástandsmat fyrir áfangastaði ferðamanna og gönguleiðir gert árlega.
- ✓ Umhverfisstofnun fylgist með ástandi svæðisins og geri ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.
- ✓ Fylgst verði með ágengum, framandi tegundum og þær fjarlægðar eftir því sem unnt er.
- ✓ Gróður og annað verði hreinsað af og frá Kirkjugólfinu eftir þörfum þannig að stuðlarnir njóti sín.
- ✓ Upplýsingar um Kirkjugólf á heimasíðu Umhverfisstofnunar verði uppfærðar eftir þörfum.
- ✓ Öryggisáætlun verði uppfærð eftir þörfum.